

AUGLÝSING

um samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

Hinn 22. júlí 1996 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum sem gerður var í Strassborg 25. janúar 1988. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. nóvember 1996. Alþingi hafði með lögum nr. 74/1996 samþykktum 5. júní 1996 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Samkvæmt 2. gr. laganna hafa ákvæði samningsins lagagildi hér á landi þegar hann hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með lögnum í A-deild Stjórnartíðinda.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 2. ágúst 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.